



BORGARRÁÐ 10. SEPTEMBER 2026: Breytingartillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands á reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að 1. gr. reglna um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar verði svohljóðandi: Kynningar til barna, unglunga og foreldra á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk. Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótt- og tómstundatilboða* fyrir börn og unglunga, geta farið fram innan skóla eða frístundastarfs á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.

Greinargerð

Ótal æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarf er ekki bundið við eitt hverfi t.d. keila, klifur, bogfimi, myndlist o.fl. Með breytingartillögunni er ekki verið að takmarka kynningar á æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarfi miðað við þau félög sem eru í hverfinu. Þar með aukast tækifæri að auglýsa það fjölbreytta æskulýðs, íþrótt- og tómstundastarf sem stendur börnum til boða í Reykjavík

